

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á  
afmælistíðingum Siðfræðistofnunar, haldið í Odda 101 föstudaginn  
24. maí 2019 kl. 13**

Kæru gestir.

Ég vil fyrir hönd Háskóla Íslands óska Siðfræðistofnun innilega til hamingju með 30 ára afmælið – og um leið óska ég Háskóla Íslands til hamingju með að hafa átt þessa merku stofnun innan sinna vébanda jafn lengi og raun ber vitni.

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands var stofnuð árið 1989 af Páli Skúlasyni, prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands. Páll var, ásamt þeim Þorsteini Gylfasyni og Mikael M. Karlssyni, í hópi frumkvöðla sem stóðu að uppbyggingu heimspekikennslu við Háskóla Íslands og var hann formaður stjórnar stofnunarinnar frá því að hún var sett á fót og þar til hann var kjörinn rektor árið 1997.

Þegar Siðfræðistofnun var sett á laggirnar við Háskóla Íslands var siðfræði enn ung fræðigrein á Íslandi og í reynd óþlæggður akur. Það varð því að nokkru leyti hlutskipti Páls, og samstarfsmanna hans, sem margir hverjir eru viðstaddir hér í

dag, að ryðja greininni braut og kynna hana fyrir löndum sínum í ræðu og riti. Eftir Pál liggja fjölmörg rit um siðfræðileg efni sem eiga það sameiginlegt að vera fræðilega ígrunduð en um leið mjög aðgengileg almenningi. Með ástríðu, metnaði og þrautseigju tókst Páli og samstarfsmönnum hans smátt og smátt að vinna hinni ungu grein sess hér á landi. Páll var sannfærður um að ef hér ætti að geta orðið til réttlátt samfélag – borgaralegt lýðræðis- og menningarsamfélag sem stæði undir nafni – þyrfti það að hvíla á gagnrýnni hugsun, öflugri dómgreind, en ekki síst menntun í siðfræði. Páll gerði sér þannig skýra grein fyrir því að lykilhugtök siðfræðinnar – ást, réttlæti og frelsi – mynda undirstöðu mannlegs samfélags sem sífelld þarf að styrkja og aldrei má vega að.

Á þessum grunni hefur Siðfræðistofnun Háskóla Íslands alla tíð byggt. Á þeim þremur áratugum sem liðin eru frá því að stofnunin var sett á fót hefur vegur hennar farið vaxandi og hefur Siðfræðistofnun áunnið sér óumdeildan sess sem mikilsvirt rannsóknastofnun, hugveita og ráðgjafi um hvaðeina sem að hagnýttum siðfræðilegum málefum lýtur. Skýr vitnisburður um það mikla traust sem stofnunin, stjórn hennar og starfsmenn, njóta er að á síðustu árum hafa þeim

verið falin afar vandasöm og krefjandi verkefni. Þar ber hæst ritun skýrslu Rannsóknanefndar Alþingis um *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*, skráningu siðareglna fyrir opinberar stofnanir, undirbúning frumvarps til laga um vandaða starfshætti í vísindum og svo mætti lengi telja. Það var því verðskulduð viðurkenning þegar forsætisráðuneytið, Háskóli Íslands og Siðfræðistofnun undirrituðu á síðasta ári samning til þriggja ára um ráðgjöf stofnunarinnar við stjórnvöld um siðfræðileg efni.

Góðir gestir. Nútíma háskólar eru flóknar stofnanir sem þurfa að gegna mörgum hlutverkum samtímis. Þannig sinna háskólar ekki aðeins menntun og rannsóknum, heldur eru gerðar til þeirra sívaxandi kröfur um margvíslega þjónustu við samfélag og atvinnulíf. Öll þessi hlutverk fela í sér siðferðilegar skuldbindingar og áskoranir. Það er því afar mikilvægt að allt háskólafólk, stjórnendur, starfsmenn og stúdentar, hugleiði og ígrundi siðferðilegt inntak starfa sinna svo það geti sem best axlað þá siðferðilegu ábyrgð sem þeim fylgir. Mikilvægur liður í því er að fyrir hendi séu skráðar siðareglur og reglur um málsmeðferð um siðfræðileg málefni. Háskóli Íslands setti sér slíkar reglur fyrst árið 2003 og hefur

siðanefnd starfað óslitið síðan við skólann. Í inngangi siðareglanna segir m.a. að með skráningu þeirra séu „fangaðir í orð helstu þættir þeirrar siðferðilegu ábyrgðar sem er samofin stöfum við Háskóla Íslands, í þeim tilgangi að hvetja og aðstoða starfsfólk hans til að sinna störfum sínum á vandaðan og árangursríkan hátt“. Það liggur í hlutarins eðli að slíkar skráðar siðareglur þurfa að vera lifandi plagg sem endurspeglar siðvitund háskólafólks á hverjum tíma. Það er því ánægjulegt að geta sagt frá því að á næstu dögum tekur til starfa starfshópur sem hefur það hlutverk að endurskoða siðareglurnar og starfsreglur siðanefndar Háskólans og munum við njóta fulltingis Siðfræðistofnunar í þeirri vinnu.

Góðir gestir. Á okkar tímum er víða vegið að þeim grunni sem siðfræðin hvílir á. Í krafti valds og auðs er jafnvel reynt að telja fólki trú um að þessi grunnur sé úreltur og skipti ekki lengur máli. Við megum ekki láta þessar efasemdir og þessi öfl ná yfirhöndinni heldur verðum við að sporna fast við fótum. Í því sambandi er gott til þess að hugsa í baráttu sinni fyrir gagnrýnni hugsun, réttsýni og sanngirni á Háskóli Íslands Siðfræðistofnun að. Ég vil því ljúka máli mínu á því að endurtaka árnaðaróskir mínar til Siðfræðistofnunar á þessum merku tímamótum. Megi stofnunin halda áfram að blómstra um ókomin ár.

Takk fyrir.